

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Orkustefna fyrir Ísland
b.t. Helgu Barðadóttur
iðnaðarráðuneytinu
Arnarhváli við Lindargötu
150 - REYKJAVÍK

Reykjavík 17. febrúar 2011

1102017SA MKH/
Málalykill: 173

iðnaðarráðuneyti		
Málsnr.	IDNO 9080031	Ábm. HeBa
B lyk.	2.2.1	Aðrir KS
Mótt.	18.02.2011	Fskj.
Aíhs.		Trúnm.

Efni: Umsögn um heildstæða orkustefnu fyrir Ísland

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hefur á fundi sínum 15. febrúar 2011 fjallað um heildstæða orkustefnu fyrir Ísland og var eftirfarandi bókun gerð á fundinum:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hefur kynnt sér heildstæða orkustefnu fyrir Ísland, sem legið hefur frammi á vef Orkustofnunar til umsagnar hjá almenningi og hagsmunaaðilum.

Stjórn SSKS lýsir ánægju sinni með að ráðist var í það verk að setja saman heildstæða orkustefnu fyrir Ísland, en gerir athugasemdir við að ekki var leitað eftir samráði eða umsögnum frá samtökunum meðan á vinnu við gerð orkustefnunnar stóð yfir.

Stjórn SSKS gerir eftirfarandi athugasemdir við lokadrög að Orkustefnu fyrir Ísland:

- Það er mat stjórnar SSKS að sjónarhornið í orkustefnunni sé of þröngt og það vanti ítarlegri umfjöllun um aðra orkugjafa en vatnsafl, jarðvarma og innflutt jarðefnaeldsneyti, sbr. kafla 5.7 um fjölbreytni orkugjafa. Þar má bæta inn í Leiðir þeim möguleika að komið verði á fót tilrauna- og þróunarverkefnum í samvinnu SSKS og ríkisins um nýtingu annarra orkugjafa en þeirra hefðbundnu sem nefndir eru hér að framan.*
- Í leiðarljósi á bls. 8 verði bætt „... og að allir landsmenn hafi aðgang að orku á sambærilegum kjörum“.*
- Í meginmarkmið á bls. 8 verði bætt inn punkti um jöfnun orkukostnaðar:*
 - Unnið verði markvist að lækkun húshitunarkostnaðar á þeim svæðum sem hann er hæstur, annað hvort með niðurgreiðslum sem fylgja breytingum á raforkuverði eða nýjum orkugjöfum sem leiða til lækkunar á húshitunarkostnaði.*
- Í kafla 4.1.2 vantar umfjöllun um að orka á sambærilegum kjörum fyrir alla landsmenn er mikilvægur þáttur í jöfnun búsetuskilyrða.*
- Í kafla 7.1 er einungis fjallað um vinnanlega orku í vatnsafl og jarðvarma, en hvergi minnst á vindorku né sjávarfallaorku sem eru orkugjafar í mikilli sókn í heiminum. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir Íslendinga að skoða þessa möguleika betur.*

- f. Í kafla 8.2 þarf að bæta inn markmiði um jöfnun húshitunarkostnaðar, hvort heldur hús eru kynt með jarðvarma eða raforku. Stjórn SSKS bendir á þá leið að leggja sérstakt jöfnunargjald á alla orkuframleiðslu í landinu eða að núverandi orkuskattur verði hækkaður til þess að mynda jöfnunarsjóð húshitunarkostnaðar, sem notaður yrði til þess að greiða niður húshitunarkostnað þar sem hann er hæstur. Þá er mikilvægt að fram komi í kafla 8.2, í framhaldi af umfjöllun um kortlagningu kaldra svæða með tilliti til bestu lausna, að ráðist verði í verkefni á sviði þróunar og nýsköpunar í orkumálum sem leitt geti til lækkunar húshitunarkostnaðar á köldum svæðum.
- g. Tekið er undir sjónarmið um bættu nýtingu vatnsafls og jarðvarma í köflum 8.3 og 8.4.
- h. Í viðauka A vantar skilgreiningu á köldum svæðum í Helstu hugtök. Köld svæði eru þau búsetusvæði þar sem notuð er raforka eða olía til húshitunar. Á þeim svæðum hefur ekki fundist vinnanlegur jarðvarmi til húshitunar.

Framangreindri bókun stjórnar SSKS er hér með komið á framfæri. Nánari upplýsingar veitir formaður stjórnar SSKS, Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.

Virðingarfyllt
SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður SSKS